

Hvaða árangri skilar starfsþróun og þjálfun?

Símenntun í atvinnulífinu nýtist bæði starfsmanninum, sem vex og dafnar í starfi og fyrirtækinu, sem nýtur góðs af aukinni hæfni starfsmannsins.

Framfarir byggja á aukinni menntun. Með markvissri starfsþróun starfsmanna styrkist samkeppnisstaða fyrirtækisins bæði í brotsjó og byr.

Um verkefnið

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóði. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðum Landsmenntar, Starfsafls og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS):

www.landsmennt.is
www.starfsafl.is
www.starfsmennt.is

Við bjóðum fyrirtækjum upp á ókeypis ráðgjöf fræðslustjóra í tiltekinn tíma



Símenntun starfsmanna er lykill fyrirtækja að betra starfsumhverfi, aukinni framleiðni og styrkir samkeppnisstöðu þeirra.

Leggðu grunninn að dýrmætri og arðbærri fjárfestingu innan þíns fyrirtækis. Taktu þátt í verkefninu fræðslustjóri að láni.

Fræðslustjóri að láni er byggður að hluta (og með leyfi) á hugmyndum Fræðslusetursins Starfsmennt um Ráðgjafa að láni.

Fræðslustjóri að láni

Má bjóða þínu fyrirtæki ókeypis ráðgjöf?



Hlutverk fræðslustjóra

- Hann greinir þörfina fyrir fræðslu.
- Hann gerir áætlun um námskeið.
- Hann getur komið á samningum við fræðsluaðila.

Hver er ávinningur fyrirtækja?

- Próun starfsemi og betri þjónusta.
- Hæfari starfsmenn.
- Byggir upp hvetjandi og jákvætt viðhorf innan fyrirtækisins.
- Bætir samkeppnisstöðu fyrirtækisins.
- Minni starfsmannavelta.

Hver er ávinningur starfsfólks?


- Betra vald á starfi sínu.
- Skapar sterkari stöðu innan fyrirtækisins.
- Eykur vellíðan í og utan vinnu.

Leiðir til starfsþróunar:

Það eru margar leiðir til starfsþróunar. Þær hefðbundnu eins og námskeið og ráðstefnur eru ekki þær einu. Handleiðsla, starfaskipti, verkefnavinna, fundir, samræða, leiðsögn, heimsóknir, upplýsingarit, innra og ytra net, fjarkennsla, bækur, blöð og tímarit geta líka verið áhrifaríkar leiðir.

Hvað þarf fyrirtækið að leggja fram?

- Áhuga á verkefninu og samvinnu stjórnenda við ráðgjafa og aðstandendur verkefnisins.
- Tilnefna tengilið úr hópi stjórnenda.
- Vinnuframlag stjórnanda og millistjórnanda.
- Aðgang að starfsfólki.
- Eftirfylgni með tillögum.



Hvert er hægt að snúa sér til að ræða málin frekar og fá upplýsingar?

Við komum gjarnan á fund til þín og ræðum málin, án skuldbindinga til að byrja með. Ýmsar leiðir eru í boði og við getum farið yfir það saman hvað hentar þér og þínum. Hafðu samband við Starfsafl í síma 510 7544, Landsmennt í síma 599 1450 eða Starfsmenntasjóð verslunar og skrifstofufólks í síma 510 1754.

Markmið með fræðslustjóra að láni

- Að efla starfsfólk til að takast á við ný og krefjandi verkefni.
- Að laða fram það besta í öllum – á hverjum degi.
- Ávöxtun mannauðs – starfsfólk er dýrmætasta auðlindin í fyrirtækjum.
- Tengja þjálfun við markmið og stefnu fyrirtækisins.

Hvað segja fyrirtækin?

Ráðgjafinn, sem við hjá IKEA fengum, setti sig vel inn í þarfir fyrirtækisins og sýn stjórnenda á hvaða stefnu fyrirtækið vildi taka í þjálfunarmálum. Hann var með raunhæf markmið og aðgerðir sem miðuðu að því að bæta þjálfunarmál og auka þannig hæfni og getu starfsmanna, öllum í hag. Ráðgjafinn og það starf sem hann vann innan fyrirtækisins var sem vítamínssprautu fyrir starfsmenn starfsmannasviðs og mannauðstengda umræðu innan þess. Frábært verkefni sem skilaði praktískum og raunhæfum niðurstöðum um þjálfunarmál og sýn á ýmsa ferla innanhúss.

Elsa Heimisdóttir, starfsmannastjóri IKEA á Íslandi.

Íslenska Gámafélagið tók þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“. Verkefnið gekk frammar vonum og ómetanlegt fyrir fyrirtækið að kortleggja fræðslu og þjálfun starfsmanna með þessum hætti. Þátttaka starfsmanna fyrirtækisins var stór hluti af velgengni verkefnisins og mikill áhugi og vakning varð hjá starfsmönnum. Birna Vilborg Jakobsdóttir, Markviss ráðgjafi, stjórnaði verkefninu af mikilli fagmennsku. Hún ásamt samstarfsráðgjöfum á landsbyggðinni settu sig vel inn í þarfir, gildi og stefnu fyrirtækisins ásamt því að hvetja starfsmenn til þátttöku. Stuðningurinn frá Landsmennt, Starfsafl og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, hefur gefið okkur kraft til að horfa björtum augum til framtíðar hjá fyrirtæki sem státar af fróðleiksþyrstum, kraftmiklum og jákvæðum einstaklingum.

Helga Fjóra Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri - Starfsmannasvið. Íslenska Gámafélagið - Vélamiðstöðin.

Glófi ehf. er í dag stærsti framleiðandi þrjónavara á Íslandi. Aðal vörumerki fyrirtækisins er Varma of Iceland og fer starfsemin fram á þremur stöðum, Akureyri, Hvals-velli og í Kópavogi. Stefna fyrirtækisins er að leggja áherslu á mannauðinn og vinna markvisst að starfsþróun innan þess. Með aðstoð „Fræðslustjóra að láni“ var m.a. unnið með starfagreiningar, ráðningarferli og gátlista í tengslum við móttöku nýrra starfsmanna. Einnig var fræðslustefna mótuð og hefur fyrirtækið sett þjálfun og fræðslu starfsmanna í fastari skorður en áður var. Verkefnið hefur leitt til þess að nú er unnið markvisst að starfsþróun og starfsmenn fyrirtækisins eru virkir þátttakendur í ferlinu. Ánægja starfsmanna hefur aukist og þeir eiga auðveldara með að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hvers og eins á hverjum tíma.

Sæunn Njálisdóttir, skrifstofustjóri/fjármálastjóri Glófa ehf.